
Minnisblað

Dagsetning: 8. september 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi breytingu á 14 daga sóttkví hjá COVID-19 útsettum einstaklingum-viðbót.

Vísað er í minnisblað mitt frá 7. september 2020 þar sem lagðar eru til breytingar á 14 daga sóttkví hjá útsettum einstaklingum af COVID-19. Þar er lagt til að þessu einstaklingum verði boðið að stytta sóttkvína úr 14 dögum í 7 daga með sýnatöku 7 dögum eftir byrjun sóttkvíar.

Ég tel ekki að þetta sé hægt að bjóða einstaklingum sem koma hingað til lands og velja 14 daga sóttkví af eftirfarandi ástæðum:

- Einstaklingar sem koma hingað til lands geta verið með veiruna í greinanlegu magni við komuna hingað til lands og þannig smitandi strax við komu. Þessir einstaklingar þurfa því einangrun strax við komu en ekki sóttkví og sú hætta yrði fyrir hendi að þeir gætu smitað í sinni sóttkví á þeim 7 dögum þar sem beðið væri eftir sýnatöku. Einangrun er mun harðara úrræði en sóttkví og líklegri til að koma í veg fyrir smit.
- Það væri einnig ekki rökrétt að einstaklingar sem koma hingað til lands geti valið 7 daga sóttkví með sýnatöku í lok sóttkvíar þegar þeim stendur til boða sýnataka við komu, 5 daga sóttkví og svo önnur sýnataka.
- Einstaklingar sem greindir eru af rakningateymi sem útsettir eru almennt séð líklegri til að vera smitaðir en venjulegur ferðamaður sem hingað kemur. Því þarf að fara með meiri gát hjá þessum einstaklingum og bíða með sýnatöku í 7 daga. Þeir eru ekki með greinanlega veiru í öndunarvegum fyrr en eftir nokkra daga og sýnataka myndi því gefa falsk neikvæða niðurstöðu fyrstu dagana eftir útsetningu.